

14

8. marz

L Ö G

um ákvörðun fésekta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hvarvetna þar, sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til nágildandi verðlags, skal lágmark þeirra og hámark breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 8. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

15

8. marz

L Ö G

um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt, þar með taldir fuglar.

Landbúnaðarráðherra getur þó vikið frá banni þessu, sbr. 2. gr., og leyft innflutning á búfé, öðrum dýrum og búfjársæði, enda sé stranglega fylgt þeim fyrir-mælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

Komi það fyrir, að einhverjir flytji inn dýr án heimildar, skulu þau tafarlaust drepin og skrokkarnir brenndir.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn, enda sé farið eftir tillögum ráðunauta í hlutaðeigandi búfjargrein, eftir því sem við verður komið, um val fénaðarins, sem fluttur er til landsins.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður, hvaða búfjartegundir og frá hvaða landi og héraði búféð er keypt, enda leiti yfirdýralæknir upplýsinga hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda búfjár um, að þar séu eigi til staðar þeir búfjársjúkdómar, er sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

3. gr.

Allan kostnað við kaup búfjárins skal greiða úr ríkissjóði, enda sé hið innflutta búfé eign ríkisins. Fjárframlög ríkissjóðs í þessu skyni skulu ákveðin í fjárlögum.